

Skýrsla stjórnar

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)



2024



Síðasti aðalfundur var þann 21. mars 2024. Aðalfundurinn tókst vel og er fundargerð hans aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Formaður FÍN:

Marianna Helgadóttir, FÍN

Meðstjórn (8):

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís

Benóný Jónsson, Hafrannsóknastofnun

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir

Sindri Birgisson, Mosfellsbær

Stefán Már Stefánsson, Hafrannsóknastofnun

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech

Unnur Magnúsdóttir, Genis

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Varaformaður FÍN:

Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Meðstjórn (9):

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Kristín Hermannsdóttir, Veðurstofa Íslands

Margrét Geirsdóttir, Matís

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Una Bjarnadóttir, Alvotech

Stjórn skipti með sér verkum og skipaði í framkvæmdastjórn, fulltrúa í formannráð BHM og í Vísindasjóð FÍN. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skipti framkvæmdastjórnin með sér verkum.



Í framkvæmdastjórn sitja:

Marianna H. Helgadóttir, formaður
Þorkell Heiðarsson, varaformaður
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, ritari
Margrét Geirsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Nína Petersen, meðstjórnandi

Í formannaráði BHM sitja:

Aðalmaður: Formaður FÍN
Varamaður: Guðrún Nína Petersen

Í stjórn Vísindasjóðs sitja:

Svava S. Steinarsdóttir, formaður
Sindri Birgisson, varaformaður
Kristín Hermannsdóttir
Stefán Már Stefánsson
Torfi Geir Hilmarsson

Öllum stjórnarmönnum var kynnt erindisbréf stjórnar. Stjórn ákvað að reglulegir fundartímar stjórnar yrðu fyrsta mánudag í hverjum mánuði milli kl. 11:15 til 12:45. Stjórn hélt 18 stjórnarfundum á starfsárinu og voru stjórnarfundir ýmist í fjarfundi eða staðfundi eða í bland. Fjöldi funda var töluverður miðað við 19 fundum á síðasta starfsári. Ástæðan fyrir fleiri fundum þetta árið var vegna kjarasamningaviðræðna og vegna stefnumótunar félagsins.





Stefnumótun félagsins

Stjórn hélt starfsdag á Hótel Örk í Hveragerði til að undirbúa stefnumótun félagsins, þar var m.a. rætt nafn félagsins og hvernig megi efla tengsl við þær fagstéttir sem eru innan FÍN. Þannig var talið mikilvægt að efla tengsl við fagstéttir sem eru fjölmargar innan FÍN. Félagið hefur undanfarin ár verið í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Efnafræðifélag Íslands, Ónæmisfræðifélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag og Líffræðifélag Íslands um samstarf t.d. með málþingum, fyrirlestrum, láni á aðstöðu og öðrum þáttum.


Miklar umræður voru um að efla félagið frekar svo það sé ávalt fyrsta val háskólamenntaðra. Því voru ræddir möguleikarnir á því að gera félagið að fag- og stéttarfélagi.

Á síðasta aðalfundi voru ræddar hugmyndir um breytingar á nafni félagsins. Mörgum þykir vænt um nafnið en flest eru þó sammála um að FÍN sé gott og þekkt merki.

Samantektir úr fundargerðum stjórnarfunda er aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn hélt 22 fundi á starfsárinu og fundaði að jafnaði föstudaginn fyrir stjórnarfund.





Ársreikningur félagsins 2024

Iðgjöld til félagsins árið 2024 námu 167,833 m.kr. og þar af greiðir félagið um það bil 45 m.kr. til Bandalags háskólamanna og einnig um það bil 6,0 m.kr. í Húsfélag BHM. Gert var ráð fyrir að félagið myndi skila árinu 2024 um að bil 13,0 m.kr. tapi en félagið skilaði um það bil 400þ kr. tapi. Eignir félagsins er um það bil 238,2 m.kr. og þar af bókfært verðgildi húsnæðisins um það bil 47,756 m.kr.

Vísindasjóður

Stjórn Vísindasjóðs hittist þrisvar fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Meginviðfangsefni stjórnar er að ákveða úthlutanir, leysa úr vafamálum og hafa yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum.

Í sjóðinn er greitt 1,5% af heildarlaunum félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og félagsmanna sem samið hafa um iðgjöld í sjóðinn á almenna markaðinum, en 1,6% af heildarlaunum félagsmanna er greitt inn í sjóðinn frá Reykjavíkurborg.



Kjaradeilusjóður

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Ólafur Eggertsson, Skógræktin

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun

Bergljót Einarsdóttir, Kópavogsbær

Jafnframt sitja eftirfarandi embætti úr stjórn FÍN í sjóðnum:

Aðalmenn:

Formaður FÍN

Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

Stjórn Kjaradeilusjóðs fundaði ekkert á starfsárinu. Meginviðfangsefni hans er ávöxtun fjármuna sjóðsins en um sl. áramót var eigið fé sjóðsins um það bil 426 m. kr. Ekkert fjármagn var lagt inn í sjóðinn á árinu og hækkun var á eigin fé sem nam rúmlega 5%.





Siðanefnd

Siðanefnd setti siðareglur náttúrufræðinga árið 2011. Siðanefnd tekur til umfjöllunar þau meintu brot sem kærð eru til hennar.

Eftirfarandi nefndarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
Emelía Eiríksdóttir, Coripharma
Símon Klupfel, Orkuveita Reykjavíkur

Varamaður:

Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóli Íslands

Eftirfarandi nefndarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
Páll Sigurðsson, Skógræktin

Varamaður:

Jóna Freysdóttir, Landspítali

Siðanefnd hittist ekkert á starfsárinu. Ekkert brot var kært til siðanefndar.

Vinnustaðafundir

Alls voru fimm vinnustaðafundir haldnir á árinu, flest allir hjá ríkisstofnunum og einn á almennum markaði.

FÍNN - Vísindaferðir


Þrjár vísindaferðir var haldin fyrir háskólanema á starfsárinu.

Auglýsingastyrkir

Félagið styrkti ráðstefnu sem var í samvinnu við Efnafræðifélag Íslands.

Styrkir frá Starfsþróunarsetri háskólamanna

Félagið fékk styrki frá Starfsþróunarsetri háskólamanna vegna námsferðar til Danmerkur fyrir þrjá starfsmenn.



Atvinnulausir félagsmenn, styrkir til atvinnulausra og endurgreiðsla ævigjalds í OBHM

Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í desember voru 21 samanborið við 26 árið 2024. Því hefur fækkað fjölda félagsmanna FÍN sem eru á atvinnuleysisskrá milli ára.

Alls voru afgreiddir tveir styrkir til atvinnulausra á starfsárinu samanborið við fjóra styrki á fyrra starfsári.

Þrír styrkir voru greiddir út vegna endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM á starfsárinu samanborið við fjóra styrki á fyrra starfsári.



Staða kjarasamninga

Þegar síðasti aðalfundur var haldinn, var ljóst að kjaraviðræður félagsins væru rétt handan við hornið. Kjarasamningar FÍN við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu runnu allir út þann 31. mars 2024.

Kjaraviðræðurnar fóru fram með það að markmiði að tryggja bætt kjör fyrir félagsmenn. Ljóst var að viðsemjendur ætluðu sér ekki að borðinu fyrr en ASÍ félögin á almenna markaðnum væru búin að landa samningum með því sem nefnt var merki markaðarins.

FÍN hafði frumkvæði að því að funda með öðrum félögum innan BHM um mögulega samvinnu og samflot í komandi viðræðum á opinbera markaðinum. Þá voru uppi hugmyndir um samflot undir merkjum BHM sem ekkert varð úr og var það miður. Almenn talað voru öll félög innan BHM sammála því að krónutöluhækkanir kæmu ekki til greina, enda hefði launabil milli fag- og ófaglægra farið minnkandi árum saman vegna ítrekaðra krónutöluhækkana. Þá var há og viðvarandi verðbólga eitthvað sem horft var sérstaklega til í þessum samningum og hvernig hægt væri að tryggja sem best kaupmátt við slíkar aðstæður.

Kjaraviðræður voru því viðamiklar eðli málsins samkvæmt á síðasta starfsári, þar sem fjölmargir fundir voru haldnir með viðsemjendum og félagsfólki. FÍN setti fram kröfur um launahækkanir í prósentum, styttingu vinnuvikunnar í 36 klukkustundir og að hækkanir myndu bæta upp fyrir sveiflur í efnahagslífinu. Viðræðurnar gengu hins vegar hægt fyrir sig og farið var að gæta ópols hjá félagsfólki þegar líða fór á árið.

Með undirritun samninga við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hefur félagið náð þökkalegum árangri og tryggt félagsmönnum launahækkanir til næstu þriggja ára.



Staða kjarasamninga frh.

Þessi árangur er þó mikilvægt skref í rétta átt, bæði fyrir félagsmenn og til að ná niður verðbólgu. Með því að tryggja langtímasamninga vonast félagið til aukins stöðugleika á vinnumarkaði og stuðla að auknum kaupmætti. Félagið mun halda áfram að fylgja þessum samningum eftir, tryggja að skuldbindingar samningana séu uppfylltar og vinna áfram að því að bæta kjör félagsmanna á öllum sviðum.

FÍN þakkar öllum þeim sem unnu að þessum árangri fyrir framlag sitt og mun áfram gæta hagsmuna félagsfólks í hvívetna.

Næsta verkefni er að hefja kjaraviðræður á almennum markaði við Samtök atvinnulífsins en aðildarfélög BHM hafa skipað sameiginlega samninganefnd til að hefja viðræður við samtökin. Í því samstarfi sameinuðu þrjú stærstu félögin innan BHM krafta sína og lögðu línurnar. Þá eru einnig yfirstandandi kjaraviðræður við Faxaflóahafnir sf. og Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins ehf.

Stofnanasamningar

Alls er félagið með 82 stofnanasamninga sem er fjölgun um 9 stofnanir frá síðasta ári. Ástæðan er að hluta sú að sameina stofnanasamninga vegna sameiningar stofnana og er um að ræða 7 stofnasamninga sem falla úr gildi við undirritun nýrra samninga sem eru í vinnslu. Á árinu 2024 var gengið frá 2 stofnanasamningum.

Jöfnun launa milli markaða 7. gr.

Gengið var frá samkomulagi milli heildarsamtakanna, BSRB, BHM og KÍ, annars vegar og viðsemjenda, ríki og sveitarfélög, hins vegar. Samkomulagið snýr að fyrsta áfanga um jöfnun launa milli markaða sem samið var um árið 2016 þegar breytingar voru gerðar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

Nýtt samkomulag hefur verið gert við opinbera launagreiðendur en fulltrúar BHM vinna núna að útfærslu því samkomulagi.



Umsagnir

Formaður og lögfræðingur FÍN senda alla jafna töluvert margar umsagnir til löggjafans vegna frumvarpa eða áforma löggjafans um lagasetningu. Eftirfarandi umsagnir fóru frá félaginu:

- Áform um niðurlagningu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og sameining hennar undir Háskólann á Akureyri, Mál S-22/2024

Náttúrufræðingar á Norðurlöndunum

FÍN er aðili að Nordiska landbruksakademikerráðet (NLR) sem er samstarf náttúrufræðinga á Norðurlöndunum. Í ár er áætlað að funda í Lundi og verður þema ráðstefnunar „Matvælaræktun á stríðstímum“.

Aðalfundur Bandalags háskólamanna (BHM)

Aðalfundur BHM var haldinn 23. maí 2024 og eru aðalfundargögnin aðgengileg hér.

Rafræn fræðsla BHM lokuðu svæði

Fjölbreytt fræðsla er félagsmönnum aðildarfélaga BHM aðgengileg.

Þess má geta að BHM hefur samið við fræðslufyrirtækið Akademias um aðgang að rafrænum fyrirtækjaskóla þess fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Akademias er rafrænn vettvangur fyrir menntun og þjálfun sem býður upp á fjölda lengri og styttri námskeiða og námslína.

Húsnæðismál

Þann 1. nóvember 2023 flutti félagið úr Borgartúni 6 í Borgartún 27, 2. hæð. Um er að ræða leiguhúsnæði og rennur leigusamningurinn út sumarið 2025, en við eigum forleigurétt á húsnæðinu verði það áfram til leigu. Ákveðið hefur verið að setja Borgartún 6 í söluferli og þegar húsnæðið hefur verið selt þá mun stjórn félagsins taka ákvarðanir um næstu skref.

Starfsmenn á skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði fjórir starfsmenn. Nú starfa hjá félaginu Þorkell Heiðarsson, formaður félagsins, Orri Prastarson framkvæmdastjóri, Runólfur Vigfússon, lögfræðingur og Siggeir F. Ævarsson, sérfræðingur.



Opnunartími skrifstofu

Opnunartími skrifstofunnar er milli kl. 11:00 – 12:00 þriðjudaga og fimmtudaga og frá kl. 13:00 – 14:00 á mánudögum og miðvikudögum. Lokað er á föstudögum. Símatími er á sama tíma. Öllum tölvupóstum sem berast á netfangið fin@fin.is á að svara innan tveggja virkra daga.

Skipulögð viðtöl við félagsmenn eru þó hvenær sem er innan dagsins. Með þessu móti þá geta félagsmenn gengið að þjónustunni þegar hún er í boði og hægt er að veita hana í stað þess sem að starfsmenn hafa oft ekki verið við eða getað tekið síma vegna annarra starfa, s.s. vegna viðtala við félagsmenn eða fundasetu. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð á skrifstofu FÍN, en þess má geta að við svörum símanum og tökum á móti félagsmönnum ef við erum laus þó að við séum með skilgreinda opnunartíma.

Framboð á aðalfundi FÍN

Samkvæmt lögum félagsins þurfa félagsmenn að bjóða sig fram fyrir 1. febrúar hvert ár vilji þeir bjóða sig fram til embætta á vegum félagsins. Reynslan hefur verið sú að fleiri sæti þarf að fylla en félagsmenn sækjast eftir, svo stjórn hefur að jafnaði þurft að finna einstaklinga í laus embætti. Þetta er ekki óskastaða en stjórn FÍN reynir að gæta að því að stjórnarmenn komi af öllum vinnumarkaðinum. Sjálfkjörið er í öll embætti í ár.

Þakkir

Ég vil ljúka þessari samantekt með því að þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn á liðnu ári við þau fjölmörgu verk sem unnin hafa verið hjá félaginu. Þá vil ég þakka þeim sem stíga nú úr trúnaðarstörfum á vegum félagsins og fagna jafnframt þeim sem koma nýir inn.

***Þorkell Heiðarsson,
starfandi formaður FÍN.***